



Samstarfssamningur um svæðisbundið farsældarráð á Vestfjörðum

1. gr.

Tilgangur og markmið

Sveitarfélögin Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldraneshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurbær og Vesturbyggð [hér eftir „sveitarfélögin“] mynda sameiginlegt svæðisbundið farsældarráð skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og á grundvelli 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011.

Sveitarfélögin vinna sameiginlega áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu og farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarpings.

Sveitarfélögin vinna sameiginlega skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða á tveggja ára fresti.

2. gr.

Skipun í svæðisbundið farsældarráð

Svæðisbundið farsældarráð er vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga og skal ráðið hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði.

3. gr.

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs á Vestfjörðum starfar á grundvelli samnings milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga og gildir til 26. febrúar 2027.

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráð er starfsmaður ráðsins og skal hafa náið samráð við starfsfólk og kjörna fulltrúa sveitarfélaganna.

Hlutverk verkefnisstjóra ráðsins er m.a. að:

- halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, boða fundi þess, rita fundargerðir og senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til kynningar,
- halda utan um gerð áætlunar um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára, senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til staðfestingar og svo Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála,



- halda utan um gerð skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða á tveggja ára fresti, senda sveitarstjórnunum allra sveitarfélaga til kynningar og svo Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála,
- sinna öðrum þeim verkefnum sem svæðisbundið farsældarráð felur viðkomandi og fellur að tilgangi og markmiði samnings þessa.

4. gr.

Fjárhagsleg atriði

Svæðisbundið farsældarráð gerir tillögu að fjárhagsáætlun vegna áætlunar um forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára. Tillagan er send öllum sveitarstjórnunum til staðfestingar og í framhaldi skuldbinda sveitarfélögin sig til að framfylgja verkefnum áætlunarinnar eftir hefðbundnum leiðum, s.s. í eigin fjárhagsáætlanagerð eða viðaukum.

5. gr.

Breytingar, endurskoðun og uppsögn samnings

Þegar samningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga rennur út skal samningur þessi endurskoðaður með tilliti til verkefna verkefnisstjóra svæðisbundins farsældarráðs.

Verði breytingar á sveitarfélögum á Vestfjörðum, svo sem við samningar sveitarfélaga, skal samningur þessi endurskoðaður.

Ef öll sveitarfélögin sem eru aðilar að samningi þessum eru um það sammála er heimilt að slíta samstarfi með sex mánaða fyrirvara.

6. gr.

Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við staðfestingu allra sveitarstjórna og gildir til og með 31. desember 2026.

Vestfjörðum 19.11.2025 – undirritað rafrænt.